

Viðauki 3

Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu umfram frávíksmörk, 7. janúar 2014

Samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands, sem birt var 20. desember sl., var tólf mánaða verðbólga miðað við vísitölu neysluverðs 4,2%. Mæld verðbólga fór því út fyrir efri frávíksmörk verðbólgu markmiðs sem eru 4%. Samkvæmt sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands um verðbólgu markmið frá 27. mars 2001 ber Seðlabankanum að senda ríkisstjórninni greinargerð við þær aðstæður, eins og nánar er gerð grein fyrir í fyrri greinargerðum bankans af þessu tilefni (sjá t.d. síðustu greinargerð frá 12. september 2013 og áður nefnda yfirlýsingu frá árinu 2001).

Tekið hefur verið mið af spá Seðlabanka Íslands frá nóvember síðastliðnum á tveimur síðustu fundum peningastefnufundar. Sú spá benti til þess að verðbólga gæti farið tímabundið yfir 4%. Nýgerðir kjarasamningar og styrking krónunnar síðustu vikur auka líkur á að verðbólga á fyrstu mánuðum ársins minnki hratt á ný svipað og bankinn spáði í nóvember. Það er því ekki ástæða til ítarlegri greinargerðar að þessu sinni umfram það sem fram kemur í þessu bréfi hér á eftir. Bréfið verður birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands fyrir opnun markaða á morgun, þriðjudaginn 7. janúar 2014.

Aukna verðbólgu í desember má einkum rekja til hækkunar húsnæðiskostnaðar en án húsnæðiskostnaðar hefur vísitala neysluverðs hækkað um 3,3% undanfarna tólf mánuði. Þó hefur verðlag þjónustu einnig hækkað umtalsvert umfram annað verðlag en á móti vegur að verðlag innfluttrar vöru hefur einungis hækkað um 1,2% á sama tíma, eða 0,6% ef áfengi og tóbak eru undanskilin.

Verðbólga á fjórða ársfjórðungi 2013 mældist 3,8%, eða jafnmikil og Seðlabankinn spáði í *Peningamálum* 2013/4 sem birtust snemma í nóvember. Samkvæmt þeirri spá mun verðbólga hjaðna í 3,3% þegar á fyrsta fjórðungi þess árs sem nú er nýhafið. Frá því að sú spá var gerð hefur gengi krónunnar styrkst og var í lok síðasta árs 2½% sterkara en miðað var við í spánni. Þá benda nýgerðir kjarasamningar til þess að launakostnaður á framleidda einingu gæti aukist eitthvað minna á þessu ári en reiknað var með í spá bankans en það er þó háð því að launaskrið haldist innan hóflegra marka. Á móti kemur að aðgerðir til að lækka skuldir heimila gætu aukið verðbólgu en þau áhrif koma fram yfir lengra tímabil og munu vart hafa nein teljandi áhrif á verðbólgu næstu mánaða. Á heildina litið eru því töluverðar líkur á því að verðbólga minnki hratt á næstunni og að tímabil verðbólgu ofan frávíksmarkna verði afar stutt að þessu sinni.

Samkvæmt spá bankans frá því í nóvember mun verðbólga þó minnka tiltölulega hægt í átt að verðbólgu markmiði eftir nokkuð hraða hjöðnun á næstu mánuðum. Í verðbólgu spá sem Seðlabankinn mun birta 12. febrúar nk. verður lagt mat á í hve ríkum mæli kjarasamningar, nýleg gengispróun, aðgerðir í skuldamálum og aðrir þættir breyta þessum horfum.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar í desember síðastliðnum segir: „Kröftugri efnahagsbati og ofangreindar aðgerðir stjórnvalda munu að öðru óbreyttu krefjast þess að taumhald peningastefnunnar verði hert hraðar en áður hafði verið búist við. Að hve miklu leyti aðlögunin á sér stað með breytingum nafnvaxta Seðlabankans fer eftir framvindu verðbólgunnar, sem ræðst að miklu leyti af þróun launa og gengis-hreyfingum krónunnar.“

Mæling vísitölu neysluverðs í desember breytir engu um þetta af þeim ástæðum sem hér hafa verið nefndar. Næsta yfirlýsing peninga-stefnunefndar verður birt þann 12. febrúar og þá mun koma fram hvaða áhrif nýleg gengisþróun, kjarasamningar og aðgerðir í skuldamállum munu hafa á stefnuna í peningamálum.